

Samfélags– og náttúrufræði val í 9. og 10. bekk

22. febrúar – 26. mars

og

6. apríl – 7. maí.



Í samfélags- og náttúrufræði eiga nemendur í 9. og 10. bekk að velja sér tvö verkefni en þau munu bæði standa yfir í 5 vikur. **Fyrra tímabilið er 22. febrúar – 26. mars og seinna tímabilið er 6. apríl – 7. maí.** Vandíð vel valið og veljið eftir áhugamálum ykkar sjálfrar en ekki eftir því sem vinirnir velja.

Kalda stríðið

Þetta námskeið er fyrir þá sem langa að fræðast um Kalda stríðið. Við munum horfa á heimildarmyndir og vinna tímalínu saman frá árinu 1945-1991. Þátttakendur geta valið sér áhugasvið til að dýpka kunnáttu sína. Það gæti t.d. verið *Kapphlaup til tunglsins*, *Berlínarmúrinn*, *Marshall áætlunin*. Markmiðið er að læra meira um Kalda stríðið og lífið í Evrópu á þessum árum.



Stjörnufræði



Vissir þú að það er gígur á Mars sem heitir Grindavík? Í stjörnufræði gefst þér kostur á að fræðast um ýmis fyrirbæri alheimsins, eins og reikistjörnurnar, loftsteina, geimrusl (já, það er í alvörunni til geimrusl!), svarthol, vetrarbrautir, sprengistjörnur, halastjörnur og margt fleira.

Loftslag

Við erum hér á jörðinni vegna þess að hér eru aðstæður fyrir líf fullkomnar. En hvað er að gerast í dag? Er plánetan í kaldakolum? Mannkynið í stríði við náttúruna?

Hvaða áhrif höfum við haft á jörðina okkar?
Hvað getum við gert? Getum við verið fólkið sem breytir framtíðinni til góðs? Hvernig gerum við lífið á jörðinni enn betra?



Fyrri og seinni heimstyrjöldin



Hvað veistu um fyrri og seinni heimstyrjöldina? Af hverju varð stríð? Hvað var helförin? Hver var þessi Hitler? Á þessu námskeiði lesum við um fyrri og seinni heimstyrjöldina og um Hitler. Notast verður við bókina *Styrjaldir og kreppa* og ýmist annað efni. Þeir sem hafa lesið um þetta áður geta þá dýpkað þekkingu sína með áhugasviðsverkefni

Umhverfisfræði

Námskeiðið er hægt að sérsníða eftir óskum þátttakenda. Í þessu námskeiði verður boðið upp á grunn í umhverfisfræði. Allskonar verkefni verða í boði. Farið er fram á að nemendur komi með sínar eigin hugmyndir af verkefni og með samþykki kennara verður sú hugmynd framkvæmd.

Líffræði

Langar þig að læra meira um bakteríur og veirur, plöntur, þörungur eða frumdýr? Eða sveppi, fléttur og plöntur? Hvað með að fræðast meira um alls kyns dýr? Í líffræði lærum við nokkur grundvallarhugtök í líffræði. Einnig færð þú að velja þér viðfangsefni til að dýpka þekkingu þína.



Ísland til forna

Hvað finnst þér um fatnað, tísku og tónlist sem var í gamla daga? 1910? 1980? Er einhver áratugur sem þér þykir áhugaverðari en annar hvað varðar tísku, tónlist, bíla, húsnæði,.... Eitthvað annað?



© Can Stock Photo - csp25740338

Hvað segja mamma og pabbi, amma og afi eða jafnvel langamma og langafi um hvernig var að vera unglingur á þeirra tímum? Muna þau eftir sögum frá foreldrum sínum? Fraus sængin föst við útvegginn í torfbænum? Sváfu þau úti á túni eftir jarðskjálfta? Voru til símar? Símbóðar? Hvernig höfðu þau samband við aðra? Eitthvað annað áhugavert sem þig langar til að spyrja þau?

Landafræði

Hvað viltu vita meira í Landafræði? Viltu fræðast meira um eitthvað ákveðið land? Afla þér þekkingar um menningu í öðrum löndum? Áttu þér uppáhalds heimsálfu sem þig langar að vera sérfræðingur í? Námskeiðið er hægt að aðlaga að óskum nemenda. Farið verður fram á að nemendur komi með sínar eigin hugmyndir að verkefnum og með samþykki kennara geta þeir komið sinni hugmynd í framkvæmd.



Valblað

Nafn: _____

Bekkur: _____

Nú átt þú að velja þér hóp fyrir vorönnina. Þú átt að velja þér fyrir tvö tímabil þannig að þú þarft að velja **1 tvisvar sinnum, 2 tvisvar sinnum og 3 tvisvar sinnum.**

() Kalda stríðið

() Umhverfisfræði

() Stjörnufraði

() Líffraði

() Loftslag

() Ísland til forna

() Fyrri og seinni heimstyrjöldin

() Landafraði

Vinsamlegast skilið valblaðinu eigi síðar en 15. mars 2021

Gangi ykkur vel

Eva Rán, Sejla, Sólveig og Valgerður